

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 105

Nóvember 2006

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldin föstudaginn 24. nóvember næstkomandi.

Dagskrá: 18:00 Fordrykkur hjá Sportís/Cintamani, Austurhrauni 3 Garðabæ.

Að fordrykknum loknum verður ferðast með rútu á leyndan stað, þar sem líkur eru til þess taldar að njóta megi góðrar stundar.

ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð JÖRFÍ verður haldin hátíðlega föstudaginn 24. nóvember 2006. Fordrykkur er í boði Sportíss/Cintamani, Austurhrauni 3, Garðabæ og er mæting þar stundvíslega kl. 18:00. Þaðan verður svo ekið með langferðarbíl á vit gleði og glaums í fyrirheitna landinu. Að venju mun hljómsveit spila fyrir dansi og bónusbarinn sér fólki fyrir veigum á vægu verði.

Mikilvægt er að fólk kaupi miða fyrir miðvikudaginn 22 . nóvember.

Árshátíðarmiðinn kostar 4.000 krónur. Hægt er að nálgast miða hjá Ástvaldi Guðmundssyni rakarastofunni á Dalbraut (568-6312), Birni Oddssyni (869-3432), Finni Pálssyni, Jarðvísindastofnun (525-4936), Jósef Hólmjárn á Veðurstofunni (893-5807), eða hjá Hálfadáni Ágústssyni Orkugarði (865-9551).

Árshátíðarnefndin.



Munið myndagetraun á heimasíðunni www.jorfi.is

STEFNA JÖRFÍ Á NÆSTU ÁRUM

Undanfarin misseri hefur nefnd unnið í umboði stjórnar að úttekt á stöðu og stefnu félagsins. Í starfi sínu hefur nefndin m.a. stuðst mjög við niðurstöður úr vinnufundi stjórnar og nefnda félagsins í febrúar síðastliðnum. Nefndin hefur nú lokið störfum og á fundi sínum 6. október síðastliðinn samþykkti stjórnin stefnuna. Tekin hefur verið saman skýrsla með yfirliti um félagið, helstu þættina í starfseminni og framtíðarsýn JÖRFÍ í rannsóknnum, skála-, bíla-, útgáfu- og félagsmálum. Skýrslan er nú aðgengileg á vefsíðu félagsins: www.jorfi.is.

Magnús Tumi Guðmundsson

